

yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, skal því við bætt, að af hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert að öðru leyti því til fyrirstöðu, að gengið verði að sáttaboðinu.

1869.

8. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1867 og 1868.

9. júlí.

Með bræfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju almennu lagaboði m. m., sem út hefir komið í Danmörku á árunum 1867 og 1868, svo að alþingi geti gefið tækifæri á að íhuga á næsta fundi, hvort við eigi að löggilda nokkurt af þessum lagaboðum á Íslandi. Jafnframt og þess skal getið um lög 14. febrúarmán. 1868, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, að þegar er búið að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að samsvarandi lagafrumvarp verði lagt fyrir alþingi, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni ekki finnst fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja nein önnur af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvörp, samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarmán. 1861, en samt væri óskandi, að athygli alþingis yrði sérstaklega leidd að lögum 3. aprílmán. 1868 um uppreist á æru.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um að leita álits alþingis um skiptingu á sýslum í vesturamtinu.

9. júlí.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður, hefir Snæfellsnessýsla í vesturamtinu á Íslandi hangið uppslegin sem laus síðan í haust er var, en þar eð enginn hefir enn þá sókt um umbætti þetta, verður ekki við því búizt, að hæfilegur